STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2026, mánudaginn 28. september 2026 kl. 13:00 var haldinn 381. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Ari Edwald, Einar Þorsteinsson, Ásta Dís Óladóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, Ragnar Baldvin Sæmundsson og Sigurður Guðmundsson, sem tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfólk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 28.09.2026, lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar 380 lögð fram. Fundargerð samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
3. Klukkan 13:05 mættu Nana Bule, stjórnarformaður og Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix til fundarins og kynntu möguleika fyrirtækisins til framtíðar. Umræður.
4. Klukkan 14:05 komu til fundarins David Rundberg og Daniel Berlin frá Implement og kynntu viðræður um vindorkukosti. Umræður.
5. Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála kynnti fjárhagsáætlun ársins 2027 og 5 ára fjárhagsspá. Umræður.
6. Klukkan 15:30 mættu til fundarins Þuríður Björg Guðnadóttir, framkvæmdastýra Ljósleiðarans og Valur Fannar frá Arion banka og kynntu vegferð og undirbúning sölu Ljósleiðarans. Valur Fannar yfirgaf fundinn kl. 15:50. Framkvæmdastjóri fjármála Orkuveitunnar kynnti virði Ljósleiðarans fyrir Orkuveituna.
7. Klukkan 16:15 mættu Dagmar I. Birgisdóttir leiðtogi áhættustýringar og Gísli Björn Björnsson og kynntu heildstæða skýrslugjöf um áhættustjórnun. Umræður.
8. Tilnefning í starfskjaranefnd. Ákveðið að tilnefna Ástu Dís Óladóttur og Ragnheiði Björk Halldórsdóttir og óska eftir tillögum um ytri ráðgjafa fyrir næsta fund.

9. Dagmar kynnti áhættuskýrslu septembermánaðar og skýringar á breytingum á áhættuskýrslu frá síðasta mánuði.

10. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 24. september 2026 lagt fram.

11. Dótturfélög. Eftirfarandi stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda lagðar fram til upplýsingar

    Minnisblað framkvæmdastýru Veitna september 2026
    Minnisblað framkvæmdastýru Ljósleiðarans september 2026
    Minnisblað framkvæmdastjóra ON september 2026
    Fundargerð stjórnarfundar Veitna SF183 21.09.2026
    Fundargerð stjórnarfundar Veitna SF182 27.08.2026
    Fundargerð stjórnar ON SF90 26.08.2026
    Fundargerð stjórnar Ljósleiðarans SF255 28.08.2026

12. Klukkan 16:35 mætti Sólrún Kristjánsdóttir til fundarins og gerði grein fyrir erindi VR frá 10. september sl. og forsendum svara við því.

13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli funda, dags 28.06.2026, ásamt fylgiskjölum. Umræður.

14. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:30.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 26. október 2026.

Ari Edwald,
Einar Þorsteinsson, Ásta Dís Óladóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, Ragnar Baldvin Sæmundsson og Sigurður Guðmundsson.